

Þriðjudaginn 3. nóvember 1981.

Nr. 20/1980. **Ásmundur Ingimundarson og
Halldór Guðmundsson**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Ólafi Erlingssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Aðild. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 10. nóvember 1978, en útivistardómur gekk í því máli 1. febrúar 1980. Þeir áfrýjuðu málinu að nýju 27. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur sóttu ekki þing í héraði, og var þeim þó löglega stefnt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð skiptaráðandans í Hafnarfirði um, að bú áfrýjandans Ásmundar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 13. nóvember 1979. Engar eignir hafi fundist í búinu og skiptum í því lokið 18. nóvember 1980. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti var kröfum stefnda aldrei lýst í þrotabúið. Áfrýjandinn Ásmundur hafði lögmætra hagsmuna að gæta og var því bær um að áfrýja málinu í eigin nafni, þótt bú hans væri undir gjaldþrotaskiptum, án þess að kanna viðhorf búsins til áfrýjunarinnar. Er hann því réttur aðili máls þessa fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður verksamningur milli Halldórs Guðmundssonar h/f og áfrýjandans Ásmundar Ingimundarsonar sem verktaka og Hitaveitu Suðurnesja sem verkkaupa, dagsettur 28. apríl 1977. Samkvæmt samn-

ingi þessum tóku verktakarnir að sér „að leggja og afhenda verkkaupa dreifikerfi í Keflavík 2. áfanga“. Áfrýjandinn Halldór gaf skýrslu fyrir dómi eftir uppsögu héraðsdóms. Hann kvaðst ekki hafa starfað sjálfur við framkvæmdir þeirra verktakanna fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Ásmundur hefði séð um þær. Hann vildi ekki fullyrða, í hvers þágu stefndi hefði unnið, en kvað hluta af verkinu kunna að hafa verið unninn fyrir Keflavíkurbæ. Ekki kvaðst hann vita, hvort reikningarnir væru réttir.

Áf hálfu stefnda er fullýrt, að áfrýjendur hafi báðir persónulega fengið hann til að vinna ýmis störf við pípulagnir vegna hitaveituframkvæmda á Suðurnesjum. Hann hafi sent áfrýjendum innheimtubréf, sem þeir hafi engum andmælum hreyft við.

Ómótmælt er, að Halldór Guðmundsson h/f og áfrýjandinn Ásmundur Ingimundarson voru verktakar hjá Hitaveitu Suðurnesja á þeim tíma, sem stefndi vann verk það, sem á reikningum hans greinir. Þeir eru stílaðir á Ásmund og Halldór verktaka. Þykir verða við það að miða, að hann hafi unnið verk sitt fyrir framangreinda verktaka, enda hefur áfrýjandinn Halldór ekki berum orðum mótmælt, að svo geti verið, og áfrýjandinn Ásmundur hefur engar skýrslur gefið um málsatvik.

Áfrýjandinn Halldór Guðmundsson var ekki persónulega aðili að nefndum verksamningi. Stefndi hefur ekki fært að því rök, að hann hafi unnið nein verk fyrir Halldór Guðmundsson persónulega. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Þar sem fallist er á samkvæmt framansögðu, að stefndi hafi unnið verk sitt í þágu verktakanna Halldórs Guðmundssonar h/f og Ásmundar Ingimundarsonar, og einstakir reikningar hafa ekki sætt tölulegum athugasemdum, verður krafa stefnda á hendur áfrýjandanum Ásmundi tekin til greina að öðru leyti en um vexti. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi kafið áfrýjendur um greiðslu fyrr en með innheimtubréfi 10. maí 1978, og þykir rétt að miða upphafstíma vaxta við þann tíma. Samkvæmt þessu verð-

ur áfrýjandinn Ásmundur dæmdur til að greiða stefnda 2.014.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 30. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandinn Halldór Guðmundsson beri sjálfur sinn kostnað af málssókn þessari, en áfrýjandinn Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.900.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi Halldór Guðmundsson skal vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Erlingssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.014.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi Halldór Guðmundsson beri sjálfur sinn kostnað af málssókn þessari, en áfrýjandi Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.900.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur

14. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. júlí, gegn Ásmundi Ingimundarsyni, Hringbraut 1, og Halldóri Guðmundssyni, Herjólfs götu 14, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 201.402 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 35.207 frá 1. apríl 1977 til 1. september s. á., af kr. 69.298 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 89.146 frá

þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 201.402 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarks gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. reikningum, dags. í júlí, ágúst, sept. og okt. 1977. Stefndu unnu saman árið 1977 sem verktakar við ýmsar hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum. Þeir fengu þá stefnanda til að vinna fyrir sig ýmis störf við pípulagnir. Reikningarnir eru fyrir þau störf. Vaxta er krafist frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir útgáfu hvers reiknings. Stefnandi hefur fasta starfsstofu að Hafnargötu 26, Keflavík, og er málið því höfðað samkv. heimild í 82. gr. laga nr. 85/1936 fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur.

Stefnu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 54.000.

Dóminn kvað upp Valtýr Sigurðsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndu, Ásmundur Ingimundarson og Halldór Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Erlingssyni, kr. 201.402 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 35.207 frá 1. ágúst 1977 til 1. september s. á., af kr. 69.298 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 89.146 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 201.402 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 54.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
